

ARNGRÍMUR VÍDALÍN

Skrifað með öðru heilahveli, bobblandi í spíritus

Aðfinnslur við aðfinnslur Bergsveins Birgissonar

Í vorhefti *Skírnis* 2019 birtist áhugaverð grein eftir Bergsvein Birgisson, „Að skrifa með báðum heilahvelum: Akadémísk orðræða, mannsheilinn og hið mannlega.“ Greinin hefur vakið töluverða athygli. Á samfélagsmiðlum hefur hún verið sögð merk, tímamótagein, merkilegasta grein sem birst hefur í íslensku tímariti árum saman, svo dæmi séu nefnd.¹ Ég hef lengi haft mætur á Bergsveini, enda er hann góður kollegi minn í tveim stéttum, fræðimanna og rithöfunda. Ég las því greinina undir eins og ég komst yfir eintak af *Skírni*. Það verður hins vegar að játa að greinin vakti furðu mína af ýmsum ástæðum og því finn ég mig knúinn til að svara fáeinum atriðum úr grein Bergsveins þar sem mér þykir hann ómaklegur í gagnrýni sinni á fræðin og kollega sína þó að vel megi taka undir ýmislegt annað sem þar kemur fram.²

Greinin er á yfirborðinu málsvörn fyrir alþýðleg fræðirit sem vissulega mætti vera mun meira til af og margt sem hægt er að taka undir með Bergsveini hvað það varðar. Fræðin eru ekki og eiga ekki að vera fyrir fámennan hóp fræðimanna, heldur fyrir allan almennig, og það er mikilvægt að sem mest sé gert af því, að því leyti sem það er hægt, að miðla niðurstöðum rannsókna á aðgengilegan hátt og á auðskiljanlegu máli. En undir þessu yfirborði greinarinnar finnst mér krauma reiði vegna viðtaka bókar Berg-

1 Þessa dóma hef ég eftir í leyfisleysi og get því ekki uppruna þeirra.

2 Bergsveinn talar t.a.m. um ónotatilfinningu gagnvart akademíunni af ýmsum sökum og segir að grein sín sé tilraun til að orða þær. Í akademíunni er vissulega margt sem gera má athugasemdir við, annað en það sem Bergsveinn fjallar um í grein sinni. Fjölmargar úttektir sýna til dæmis að vinnuálag í háskólum er oft ómanneskjulegt og að fræðimenn, allt frá framhaldsnemum til prófessora, glíma á heildina titið við töluvert meiri geðræna kvilla en gengur og gerist, líkt og lesa má í fjölmörgum greinum til dæmis í *Times Higher Education* og *Chronicle of Higher Education*. Sjálfur þekki ég fjölmarga sem lagt hafa öllum akademískum ambisjónum, til lengri eða skemmri tíma, af heilsufarsástæðum.

sveins, *Leitinni að svarta víkingnum* (sem áður kom út á norsku, *Den svarte vikingen*).³ Fyrir barðinu verða tveir ritdómarar, aðeins annar þeirra fræðimaður, en viðtökur akademíunnar allrar samt persónugerðar í þeim tveim (74–75). Þannig segir Þorgeir Tryggvason í ritdómi á vefritinu *Stara-fugli* að hann *gruni* að kollegar Bergsveins „muni finna í henni ýmsar rökholur og tæpa bláþræði“ og segir að sér þyki „sterkur áhuga- og ástríðumannasvipur á *Leitinni að svarta víkingnum*“. Þorgeir talar þarna hvorki — né, leyfi ég mér að fullyrða, taldi hann sig tala — fyrir hönd akademíunnar. Hinn gagnrýnandinn er Heming Gujord, dósent í bókmenntafræði við Björgvinjarháskóla, og mun hann hafa farið óblíðum orðum um aðferðir og frásagnarmáta Bergsveins. En hann er ekki akademían heldur, ekki einn sér.

Ég er hissa á gremjunni gagnvart þessum tveim dómum (annar þeirra auk þess fremur jákvæður)⁴ því mér hefur virst bók Bergsveins mjög vel tekið að öðru leyti, jafnt meðal almennings sem greip hana tveim höndum og meðal fræðimanna, auk þess að hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita.⁵ Þar skiptir nýstárlegt sjónarhorn Bergsveins ekki síst máli og óttaleysi hans við að taka áhættu í nálgun sinni og athugunum, nokkuð sem mér þykir dýrmætur eiginleiki meðal fræði-

3 Sjá Bergsvein Birgisson 2013, 2016. Bergsveinn byggir í bók sinni töluvert á kenn-ingum sem fyrst voru settar fram af Helga Guðmundssyni 1997.

4 Dómurinn hefst á orðunum: „*Leitin að svarta víkingnum* er skrifuð fyrir menn eins og mig. Vönduð og útspekuleruð alþýðleg fræðibók sem dýpkar þekkingar-brunn lesandans og finnur í honum æð af óvæntu og nýstárlegu bragðefni. Enginn flokkur lesefnis er mér kærari, og mér er merkilega mikið sama hvert umfjöllunarefnið er. Hér er það reyndar líka í algjöru upphaldi: grúsk í íslenskum fornritum í ljósi þekkingar úr öðrum greinum: fornleifafræði, ornefnafræði, menningarsögu, náttúruvísindum, mannfræði, erfðafræði og almannarómi“ (Þorgeir Tryggvason 2016).

5 Ekki skortir heldur lofsyrðin utan á og innan í bókina sjálfa. Hér er brot af þeim, fengin úr annarri prentun bókarinnar á norsku (2014): „Obligatorisk for alle som er det aller minste interessert i saga og vikingtid“; „Et mesterstykke!“; „Fascinerende om historie slekt og uløste mysterier — og en reise til våre fjerne forfedres merkelige verden“; „Sjeldan er kombinasjonen av sakprosa og skjønnlitteratur så vellukka“; „Sakprosaen trenger fagfolk som kan sine saker til bunns, og fagmannen sørger for at all informasjon plasseres trygt i et faglig forankret univers, selv om hypotesene er halsbrekkende. Ja, kanskje nettopp derfor er det mulig å lansere så vågale hypoteser [...] Bergsveinn er en krysning mellom forfatter og fagmann som lever på stipender og helt sikkert en god porsjon idealisme. Vi trenger å få fram og ta vare på slike motstemmer, både i historien og i dagens offentlighet.“

manna.⁶ Einn kollegi minn í Póllandi var svo hrifinn að hann stuðlaði að því að bókin yrði þýdd á pólsku: *Czarny wiking: Fascynuj cy portret Geirmunda Heljarskinna i epoki, w której zyt*, og er það aðeins eitt dæmi af mörgum um þá hylli sem mér hefur vírst bókin njóta.⁷ Vissulega er það þó alltaf þannig að fáein neikvæð orð um verk manns hafa það vald að yfirgnæfa öll hin fjölmörgu jákvæðu, það þekkja allir sem nokkru sinni hafa látið frá sér texta. En ekki hef ég enn heyrt styggðaryrði um bókina utan það geip sem haft hefur verið eftir Heming Gujörd.

Þetta er engu að síður aðalatriði greinarinnar: *Svarta víkingnum* var kastað upp í jórtrandi gin fræðaelítunnar en spýtt þaðan út aftur, enda allir þar svo þrjúskir og gamaldags og óskáldlegir í hugsun, hver á sínum bás. Bergsveinn finnur þannig tækifæri til að koma á framfæri ýmiss konar pillum í garð fræðimanna sem enga ábyrgð bera á þessum ritdómum og vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið. Hann segir til að mynda að þeir forsmái sagnfræðilegt gildi fornaldarsagna og hafi afskrifað þær með öllu, en tekur jafnframt dæmi úr eigin bók um hversu gagnlegar heimildir þær í raun geta verið (70, 80–83). Ég er auðvitað sammála Bergsveini um heimildargildi fornaldarsagna, en það eru sömuleiðis allir þeir fjölmörgu fræðimenn sem þær rannsaka. Fjölmargar nýlegar rannsóknir taka einmitt fornaldarsögur og heimildargildi þeirra til gagn Gerrar endurskoðunar. Hér mætti nefna þrjú feiknarmikil bindi í ritstjórn Agnetu Ney, Annette Lassen og Ármanns Jakobssonar, alls 61 ritgerð sem allar fjalla vítt og breitt um fornaldarsögur.⁸ Þar eru þær svo sannarlega teknar alvarlega. Sömuleiðis í bókinni *Making History: Essays on the Fornaldarsögur* í ritstjórn Martins Arnold og Alison Finlay (2010) og í bókinni *The Legendary Legacy: Transmission and Reception of the Fornaldarsögur Norðurlanda* sem út kom í fyrri í ritstjórn Matthews Driscoll, Silviu Hufnagel, Philips Lavender og Beeke Stegmann (2018), en þessi síðasttalda er ein afurð af gríðarmiklu

6 Hermann Pálsson er gott dæmi um fræðimann sem var óragur við að setja fram óvinsælar kenningar. Eftir hann liggur slíkt umfang af efni að fræðaheimurinn á ennþá eftir að takast almennilega á við og koma því öllu í rétt samhengi.

7 Fleiri dæmi má taka, svo sem lofsamlegan dóm Ásdísar Egilsdóttur 2016 um bókina, dóm Einars Más Jónssonar 2017, og dóma Hallgríms Helgasonar og Einars Fals Ingólfssonar sem getið er á bókarkápu, en sá fyrrnefndi kallar bókina veislu og sá síðarnefndi gefur henni fjóra og hálfu stjörnu.

8 Agnetu Ney, Annette Lassen og Ármann Jakobsson, ritstj. 2003; Annette Lassen, Agnetu Ney og Ármann Jakobsson, ritstj. 2009; Ármann Jakobsson, Agnetu Ney og Annette Lassen, ritstj. 2012.

rannsóknarverkefni í Kaupmannahöfn sem fjallar um ritunar- og viðtöku-sögu þessara sagna. Ótal aðrar bækur og greinar taka fornaldarsögur til skoðunar sem mikilsverðar heimildir um heimsmynd, þjóðsagnaminni, trúarhugmyndir og margt fleira⁹ — og raunar er á vefsíðu áður nefnds rannsóknarverkefnis ritaskrá sem telur mörg hundruð ritverk sem fjalla um fornaldarsögur, margt af því ritað á síðastliðnum 15 árum.¹⁰

Á öðrum stað í greininni syrgir Bergsveinn Sigurð Nordal og Einar Ól. Sveinsson (69), því þeir hafi getað skrifað fyrir almenning með meistarabrag. Það verður seint af þeim tekið, en það voru nú einmitt þeir og þeirra kynslóð ekki síst sem, svo ég noti orðalag Bergsveins, „afskrifaði“ fornaldarsögur sem heimildir. Það voru ekki aðeins Weibull og félagar. Í bók sinni, *Um íslenskar formsögur*, eyðir Sigurður Nordal fáum orðum á fornaldarsögur, efast um sannleiksgildi þeirra og lýkur umfjöllun sinni þannig: „Skrásetning og samning þessara sagna tákna nýjan sigur alþýðlegs smekks í þjóðlegri sagnaritun, og með þeim var komið til móts við kröfur fólks um skemmtiefni“ (Sigurður Nordal 1993: 402). Það var þá öll virðingin fyrir heimildargildi þeirra. Aftur á móti hafa fornaldarsögur á síðustu árum og áratugum notið endurskoðunar, jafnt sem bókmenntir og sem heimildir, langt umfram það sem áður hefur þekkt. Gullöld þeirra er núna. Bergsveinn virðist engu að síður búinn að ákveða að áhrif Koht, Nansen, Weibull og annarra forvígismanna sögurýnninnar séu enn svo mikil að menn séu

9 Hér mætti nefna rannsóknir Aðalheiðar Guðmundsdóttur, sem hefur gefið út að minnsta kosti fimmtán greinar um fornaldarsögur, t.d. 2006, 2010; Stephen A. Mitchell sem hefur bæði skrifað ýmsar greinar og bókina *Heroic Sagas and Ballads* 1991; nýlega grein eftir Haka Antonsson 2012; aðra grein eftir Lars Lönnroth 2014; ágæta en vanrækta bók Gudrunar Lange 2000; tveggja binda ráðstefnuritið *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature* 2006; bók Annette Lassen, *Odin på kristent pergament: En teksthistorisk studie* 2011; útgáfu og fræðilega umfjöllun Philips Lavender um Illuga sögu gríðarfóstra 2015, og auðvitað bók Bergsveins Birgissonar, *Leitin að svarta vikingnum* 2016. Svo mætti lengi áfram telja.

10 Sjá *Stories for All Time: The Icelandic Fornaldarsögur*, vefslóð: <http://fasnl.ku.dk/bibl.aspx>. Aðra grein íslenskra miðaldabókmennta enn vanræktari en fornaldarsögur mætti raunar nefna, en það eru riddarasögur (sjálfum þykja mér þó dýrlingasögur fá enn minni athygli í seinni tíð), en til allrar hamingju horfir til betri vegar í þeim efnum á seinni árum með nýlegum ritum á borð við bækur Hendriks Lambertus 2013; Geraldine Barnes 2014; og Karls G. Johansson og Else Mundal, ritstj. 2014; auk væntanlegrar doktorsritgerðar Védísar Ragnheiðardóttur um tilkomu og þróun frumsaminnna riddarasagna í ljósi miðaldaævintýra, svo dæmi séu nefnd. Ýmis framfaraspor eru því stigin í fræðunum um þessar mundir og margar vanræktar heimildir nú teknar alvarlega sem áður þóttu ómerkilegar.

hlegnir út úr söllum háskólanna hafi þeir orð á því að fornaldarsögur geti sagt okkur eitthvað um víkingaöld:

Ég lít svo á að afgreiðsla allra fornaldarsagna og annarra texta um heiðna tíma sem ónothæfar sagnfræðiheimildir sé nokkuð kategórísk og grófhfluð og megi í raun tengja við þá vísindalegu „sýndarmennsku“ sem m.a. hefur ráðist gegn ímyndunarafla og tilfinningum fræðimanna. Önnur og að mínu mati frjósamari leið er að líta á hið ævintýralega í slíkum sögum sem skáldlegar myndir sem hlaðist hafa á tiltekið efni í munnlegri geymd um leið og leiða mætti hugann að því hvort einhver sögulegur kjarni geti hafa kveikt þær myndir. (71)

Parna lýsir Bergsveinn einmitt í grófum dráttum tiltekinni aðferðafræði sem á síðustu áratugum hefur notið töluverðrar hylli og stundum er kennd við *nýsagnfestu* eða *mannfræðiskólann* í norrænum fræðum. Ég veit að honum er kunnugt um hinar ýmsu rannsóknir í þessum anda því við höfum báðir sótt sömu ráðstefnurnar og þekkjum báðir sömu fræðimennina sem stunda þessar rannsóknir; ég læt duga að nefna Aðalheiði Guðmundsdóttur, Terry Gunnell og Gísli Sigurðsson.¹¹

Í ræðu sinni um hina lokuðu akademíu virðist Bergsveinn jafnframt skauta hjá því að, ef eitthvað er, þá er íslenskt háskólasamfélag í töluvert góðum tengslum við almenning samanborið við önnur lönd. Mér virðist sem hann sé fremur að hugsa um norskt háskólasamfélag en hið íslenska (án þess ég ætli mér að dæma um það), því á Íslandi hið minnsta má daglega heyra og sjá fræðimenn ræða og skýra frá þekkingu sinni í útvarpi og sjón-

11 Það er ekki síst fyrir þær sakir að ég átta mig ekki vel á því hvert Bergsveinn er að fara þegar hann kvartar undan því að ekkert prófessorsembætti í Noregi sé sérstaklega helgað víkingaöld (91) og telur það til merkis um endanlegan sigur Weibull og hans skúrka yfir fræðasamfélaginu. Því það er engu að síður staðreynd að stór hluti fræðasviðsins er helgaður rannsóknnum á víkingaöld sem grundvalast bæði á rituðum heimildum og fornleifum, sama hvað formlegir prófessoratitlar hljóða upp á. Hinn svokallaði *mannfræðiskóli* í norrænum fræðum heldur auk þess mjög á lofti því sjónarmiði að rit frá síðmiðöldum geti vel verið heimildir um víkingaöld, enda varðveitist frásagnir og vitneskja í munnmælum líkt og dæmin sanna. Þetta veit Bergsveinn allt saman. Ég átta mig því ekki á því hvaða „fjölmörgu atlögur hinnar stofnanalegu akademíu að elstu sögu Norðurlanda“ hann eiginlega visar í. Vissulega kjósa margir fræðimenn að takast heldur á við miðaldartexta í samhengi ritunartíma þeirra, en mér finnst hæpið að kalla það atlögu þótt fólk hafi misjafnar áherslur. Ég hef áður fært fyrir því rök að aður norrænna fræða felist ekki síst í fjölbreytileikanum, sbr. Arngrímur Vídalín 2015, og þar undanskil ég ekki *Leitina að svarta víkingnum*.

varpi, í blaðgreinum og í greinum í vönduðum tímaritum á borð við *Skírni* og *Tímarit Máls og menningar* sem rata til merkilega margra miðað við hversu fræðileg þau oft eru. Eins og áður er nefnt birtist grein Bergsveins einmitt í *Skírni* sem er kjörinn vettvangur fyrir þá umræðu sem hann færir fram, en grein hans hefur einnig hlotið umfjöllun í ýmsum fréttamiðlum sakir gagnrýnins anda hennar. Auk þess ræddi Bergsveinn efni hennar í viðtali við ríkisútvarpið þann 27. maí síðastliðinn, en tveim dögum síðar voru prófessorarnir Guðmundur Hálfðanarson og Sigríður Þorgeirsdóttir einnig spurð álitis á greininni á sömu útvarpsstöð. Bergsveinn hefði varla getað beðið um betri vettvang til að koma ákúrum sínum á framfæri við almenning. Síðustu fáein ár hafa auk þess ýmsar sjónvarpsseríur verið gerðar og segja má að stór hluti íslenskra sérfræðinga í norrænum miðaldafræðum hafi komið fram í þeim til að miðla flóknu efni á aðgengilegan hátt og þjóðþekktir leikarar brugðið sér í hlutverk helstu persóna sagnanna. Sömu fræðimenn komu fram í útvarpsþáttum Ævars Kjartanssonar um norræn fræði á Rás 1 ríkisútvarpsins, og margir fræðimenn úr öðrum fræðigreinum hafa komið fram í sambærilegum þáttum. Þetta sýnir hversu greiðan aðgang fræðileg umræða á inn á almennan vettvang á Íslandi.

Þess ber og að geta að ýmsir fræðimenn leggja sig fram um að skrifa á aðgengilegan hátt um flókin fræðileg efni. Mér kemur fyrst í hug Steinunn Kristjánsdóttir (2012, 2017), sem hefur skrifað góðar og alþýðlegar bækur um rannsóknir sínar á íslenskum klaustrum, svo listilega stílaðar að það er eins og að lesa spennusögu. Steinunni hefur tekist að gera fornleifafræðirannsóknir á klaustrum spennandi fyrir breiðan hóp fólks. Það má segja að sé afrek þar sem klausturmenning er ekki, svo ég hafi orðið þess var, meðal þess sem fólk telur sig almennt hafa áhuga á. Gísli Sigurðsson (2013) skrifaði fyrir fáeinum árum alþýðlegt fræðirit, *Leiftur á horfinni öld*, þar sem hann tekst á við spurninguna hvað sé svona merkilegt við íslenskar miðaldabókmenntir. Kristín Svava Tómasdóttir (2018) hefur nýverið gefið út heilmikla rannsókn á sögu kláms á Íslandi, fyrstu sinnar tegundar, sem hefur sérstaklega verið hampað fyrir það hversu aðgengileg hún er og laus við yfirgengilega teóríu. Páll Skúlason heitinn skrifaði ýmis heimspekileg rit sem ætluð voru almennum lesendum (1987, 1989, 2015) og sömuleiðis hefur Árni Björnsson gefið út gríðarvinsælar bækur um íslenska þjóðhætti og þjóðfræði (1994, 1996, 2006). Rík hefð er auk þess fyrir alþýðlegum útgáfum á íslenskum miðaldabókmenntum sem enn eru til á allflestum heimilum (sbr. Ármann Jakobsson 2018), og nýverið bættist enn í flóruna með útgáfu Braga Halldórssonar á íslenskum miðaldaævintýrum (2016).

Af Bergsveini má skilja að hann líti á sjálfan sig sem eina manninn sem hefur áhuga á að skrifa fyrir almenning, en það þarf rétt að líta í kringum sig til að sjá að það eru töluvert fleiri.¹² Ég held að vel megi taka undir brýningu Bergsveins að fræðin eru fyrir fólkið, ekki fyrir fámennar sellur fræðimanna. Við sem skrifum á íslensku megum vera þess ætíð minnug og ekki er hægt annað en að vera sammála Bergsveini um að það sé „heilla-vænlegt ... ef það fyrirfinnst einhverskonar saga í efninu sem á að miðla, tilvistarlegar spurningar sem hafa breiðari skírskotun en hið þrönga fag eða lærdómshefðin í sjálfu sér rúmar ... eitthvað sem kemur lesandanum við sem manneskju og ekki bara sem fræðimanni“ (71). Þetta hélt ég að væri takmark allra fræðimanna, að finna hið markverða og mannlega í viðfangsefnum sínum og miðla því áfram. Það er einnig rétt sem Bergsveinn getur (73) að betur er umbunað fyrir ritverk útgefin hjá virtum erlendum forleggjum heldur en fyrir alþýðleg fræðirit á íslensku (það er þó ekki rétt sem hann segir að *ekkert* sé umbunað fyrir síðarnefndu verkin), sem síðan hangir saman við stigamatskerfi háskóla og þar með framgang vísindamanna í starfi. Sitthvað mætti betur vera í því sambandi og Bergsveinn er langt því frá fyrsti gagnrýnismaður þessa stigakerfis.¹³

Bergsveinn kvartar undan sérhæfingu fræðimanna, að ekki sé lengur hægt að skrifa um hið breiða svið því sérhæfingarkrafan sé orðin svo mikil að fræðimönnum þyki þeim skylt að skrifa um sem smæstar einingar. Hann tekur sem dæmi bók Björns Bjarnasonar (1908) um íþróttir fornmannanna (72) sem tekur fyrir íþróttir eins og þær leggja sig fremur en, til dæmis, að kafa ofan í smæstu smáatriði hnefatafls. Fyrst hann nefnir endilega þessa bók liggur beint við að geta nýlegrar doktorsritgerðar Remigiusz Gogosz (2016) *Hver er sterkastr? Sports and Games of the Northmen in the Middle Ages*, en þar er fjallað vítt og breitt um íþróttir, margt í bók Björns tekið til endurskoðunar, og sérstakir kaflar eru um glímu, sund, knattleik, skinnleik, bog-

12 Hér mætti enn bæta við fyrri upptalningu, í engri sérstakri röð: Sverrir Tómasson 2017; Annette Lassen 2017; Rudolf Simek 2016; Ármann Jakobsson 2009a, 2013; Gunnar Karlsson 2013; Hermann Pálsson 2002; að ógleymdri ritröðinni Ung fræði sem Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands gaf út, sem kynnti almenning fyrir fyrstu rannsóknnum lofandi ungra fræðimanna, svo sem Katrínar Jakobsdóttur 2001 og Andra Snæs Magnasonar 1999. Þá eru ótaldar ýmsar kennslubækur sem eru jú hluti af almannfræðslu: Silja Aðalsteinsdóttir 1992; Heimir Pálsson 1998; Ármann Jakobsson 2009b; Dagný Kristjánsdóttir 2010, svo aðeins fáeinir séu nefndar. Því verður semsagt seint haldið fram að rannsakendur íslenskra bókmennta skrifi aðeins inn í einhvern fílabeinsturn.

13 Sjá t.d. grein Péturs Henrys Petersen og Arnars Pálssonar 2014; einnig Arnar Pálsson o.fl. 2014.

fimi, hestaat og fleira. Það er semsagt vel hægt að skrifa svona bækur ef menn kjósa. Það er enginn sem bannar það.

Eins og ég skil Bergsvein þá saknar hann stórsögulegrar nálgunar á hlutina, þess að fræðimenn færi lesendum einhverja heildarmynd eða kenningu fremur en að róta í eintómum smáatriðum sem lesendur nái engri tengingu við. Dæmi um slíkar bækur sem hann nefnir eru *Guns, Germs and Steel* eftir Jared Diamond og *Sapiens* eftir Yuval Noah Harari, ásamt fleiri bókum sem þeir hafa skrifað (72–73). Vissulega hafa svo stórar tesur sjaldan verið settar fram í íslenskum fræðum. En hvað þó um bækur eins og *Leitina að klaustrunum* eftir Steinunni Kristjánsdóttur (2017), *The Conversion of Scandinavia* eftir Anders Winroth (2011), *Byltinguna að ofan* eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur (2013), *Viking Age Iceland* eftir Jesse Byock (2001), hina ógnarstóru *Sagan om kärleken* eftir Daniel Sävborg (2007), *Samræður við söguöld* eftir Véstein Ólason (1998) eða *Fjarri hlýju hjónasængur* eftir Ingu Huld Hákonardóttur (1992)? Varla getur nokkur sagt að efni þessara bóka sé of þröngt eða að höfundar þeirra nái nefinu aldrei upp úr smáatriðum. Þessar bækur eiga það sameiginlegt að setja fram heildarsýn, hvort sem er á stór söguleg tímabil eða á bókmenntir þeirra. Hvað um *Máttugar meyjar* eftir Helgu Kress (1993)? Er hún sérhæfðari en *Leitin að svarta vikingnum*? Eða *Vikings Among the Slavs* eftir Jakub Morawiec (2010)?

Ég tel að góður fræðimaður þurfi að vera skapandi (sbr. umræðu 69–70) og finn litla tengingu við þá upplifun Bergsveins að akademían kæfi skapandi hugsun, að hún „krefjist þess að maður sé annar maður“. Að setja fram túlkanir og kenningar byggðar á aldagömlum heimildum, reyna að átta sig á samhengi hlutanna og koma því í orð, krefst skapandi hugsunar. Sjálfsagt eru til fræðimenn sem skortir allan skapandi drifkraft og alla ástríðu fyrir rannsóknarefni sínu, sem endurtaka bara það sem aðrir hafa sagt og láta þar við sitja. Til kunna þeir að vera, en það eru ekki góðir fræðimenn. Til allrar hamingju get ég fullvissað lesendur um að töluvert er til af vönduðum og góðum, skapandi og drifandi fræðimönnum í íslenskum og norrænum fræðum í dag. Hinir, þeir sem ekkert hafa fram að færa, gleymast.

Ég tel sömuleiðis, andstætt Bergsveini, að þó að akademísk rithefð geri oft ráð fyrir að sjálf fræðimanna þvælist sem minnst fyrir frásögn þeirra þá sé samt hægt að finna áhuga þeirra í því sem stundum eru kallaðir „þurrir fræðilegir textar“, að sköpunargleðin skíni oft í gegn, að formið stýri ekki innihaldinu. Ég er raunar alveg andvígur þeirri kreddu að fræðimaður skuli halda persónulegri rödd sinni í skefjum, mér finnst sjálfsagt að hann tali í fyrstu persónu ef honum svo býður við að horfa. En jafnvel þeir fræðimenn

sem temprá rödd sína í textanum hafa sína nærveru. Bergsveinn spyr hvort hlutlæg og hlutlaus hugsun sé endilega „að baki hinni hlutlægu rödd? Er hið hlutlæga (objektífa) í sumum tilfellum notað til að hylma yfir hið huglæga (súbjektífa) að baki? Og að lokum: Er hlutlæg hugsun til?“ (76) Þetta eru allt góðar spurningar sem sérhver vísindamaður ætti alltaf að hafa í huga.

Ég vil svara þessum spurningum fyrir mitt leyti, í öfugri röð: Algjörlega hlutlæg hugsun er augljóslega ekki til, og ekki eitt einasta vísindalega mælitæki (kenningar í hugvísindum meðtaldar) eru með öllu huglægar. Þetta skyldu allir vera meðvitaðir um. Er hin „hlutlæga rödd“, eins og Bergsveinn kallar hana, notuð til að breiða yfir hið huglæga í einhverjum tilvikum? Alveg áreiðanlega. Vísindamenn, rétt eins og annað fólk, hafa sína duldu forðoma og sínar skoðanir sem þeir komast ekki hjá að liti sýn þeirra, meðal annars í rannsóknum. Af því leiðir að hlutlaus hugsun liggur ekki endilega að baki hinni „hlutlægu rödd“. Ég held að þetta liggji í augum uppi. Bergsveinn vísar í Weber:

... að vísindamaður verði að halda málefnalegum staðreyndum skýrt aðskildum frá eigin huglægu mati á því sama. Um leið og ég er fullkomlega sammála slíku *takmarki* innan vísindatexta er málið flóknara en svo að slíkur aðskilnaður sé alfarið mögulegur, og þegar maður skilur að viss huglægni verði aldrei umflúin eru tvær leiðir færar — önnur að hylma yfir huglægni, hin að sýna hana. (78)

Ég er hjartanlega sammála því að þetta er útópísk sýn hjá Weber og að huglægni verði ekki umflúin, en ég hef efasemdir um að „hlutlæga röddin“ sem slík sé vandamálið. Röddin snýst ekki endilega um hlutlægni, heldur um tiltekna samræðuhefð. Rétt eins og alþingismönnum getur þótt tiltekinn ráðherra algjör skunkur þó að þeir neyðist til að segja hann „hæstvirtan“ í þingræðum, þá snýst þessi akademíska hefð mun fremur um virðuleika formsins en vísindalegt hluteysisleikrit, og rætur hennar liggja um parrukkprýdda aðalborna prófessora nýaldar allt aftur til fyrstu háskólanna á miðöldum. Þetta er spurning um stíl. Mín vegna má alveg varpa þessum stíl fyrir róða. En við þurfum enn að glíma við sjálf okkur í sérhverjum texta sem við skrifum burtséð frá því, í hverri einustu ályktun sem við drögum út frá athugunum okkar, að reyna að átta okkur á því hvar hlutlægni rannsóknaraðferða okkar sleppir og við sjálf með allan okkar hugarfangur byrjum. Mér finnst aðferð Bergsveins í *Leitinni að svarta víkingnum* heiðarleg. Ég held að við hin reynum líka að vera heiðarleg hvert á okkar hátt, sama hvað stíl líður, svo lengi sem við erum minnug þess að hlutlægni er tvíeggjað sverð.

Sérhver fræðimaður sem einhvers er verður hlýtur að endurskoða stöðugt forsendur eigin rannsókna, að láta efnið teyma sig áfram fremur en að reyna að troða því í einhver fyrirframskilgreind hólf, og fagna öllum óvæntum niðurstöðum. Ég tel mig deila þessari sýn Bergsveins á góð vinnubrögð, að leita ekki að fyrirframgefnum niðurstöðum, en ég deili ekki áhyggjum hans af því að vísindamenn láti væntingar sínar stjórna sér á slíkan hátt. Ég hef heldur ekki upplifað þá tilhneigingu til að hylma yfir óvissuþætti í rannsóknum sem Bergsveinn lýsir (90). Svo margt af því sem við fáumst við er óvissu og ólíkum túlkunum háð að við hljótum að þurfa að koma hreint til dyranna. Það er þessi óvissa meðal annars sem gerir starf okkar spennandi.

Að halda því fram á hinn bóginn að vísindin séu svo fjarri almenningi og svo afmennskuð að þau séu eins og „mannsheili bobblandi í spírítus“ (78), það þykir mér langt gengið í fúkyrðum út í kollega sem ekkert hafa sér til sakar unnið. Það er ekki síst undarlegt að þær ávirðingar eru settar fram í grein sem sjálf er skrifuð í svo háakademískum stíl, með tilheyrandi grísku-, latínu- og þýskuslettum, að nálgast skopstælingu. Greinina hefur Bergsveinn á „smá *humilitas*“ (68) og ræðir um *gefühl* sitt fyrir heimildum (80), talar um metaforur sem *conditio humana* (86), leggur út *trópa* (86) og kastar fram einu samhengislitlu nietzscheíska *Übermensch* (87), svo dæmi séu nefnd. Þarna koma fyrir *hugtaksmetaforur*, *furðugerving* og *kaós-þol*. Allt kemur þetta spánskt fyrir sjónir í grein sem ætlað er að gagnrýna óaðgengilega og hátimbraða akademíska orðræðuhefð. Á meðan afhjúpar höfundur sláandi vanþekkingu sína á þeim fræðum sem hann helst gagnrýnir. Grein hans er undarleg lítilsvirðing við fjölda fólks. Ég tala ekki um furðulega árás Bergsveins á feminíska sagnfræði, kynjafræði og hinsegin fræði, sem hann kallar „forheimskandi“ (87). Fyrir þessu eru engin rök færð, engin dæmi tekin, aðeins er ein stutt samlíking við marxíska (lesist: dogmatíska) sagnfræði sett fram. Hér þykir mér Bergsveinn ómaklegur í málflutningi sínum.

Enda fjallar greinin í raun ekki um þetta þegar öllu er á botninn hvolft. Þetta eru bara litlar pillur í grein sem fyrst og fremst fjallar um vonbrigði höfundar vegna tveggja ritdóma sem bókin hans fékk. Ég held að þessi „merkasta grein sem birst hefur í íslensku tímariti áratugum saman“ hefði betur verið óskrifuð og er það í fyrsta skipti sem ég segi annað eins um ritverk eftir Bergsvein Birgisson. Þökk sé honum fyrir *Leitina að svarta víkingnum*, en með vinsemd og virðingu vil ég biðja þess að hann láti eiga sig að snupra okkur kollega sína svona í framtíðinni.

Heimildir

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2006. „Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlanda.“ *Rannsóknir í félagsvísindum* VII. Félagsvísindadeild. Ritstj. Úlfar Hauksson, 789–799. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2010. „Af betri konum og bóndadætrum: Um stéttbundna misnotkun kvenna í fornaldarsögum og öðrum afþreyingabókmenntum miðalda.“ *Rannsóknir í félagsvísindum* XI. Félags- og mannvísindadeild. Ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé, 1–7. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Andri Snær Magnason. 1999. *Maður undir himni: Um trú í ljóðum Ísaks Harðarsonar*. Ung fræði 3. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Arnar Pálsson o.fl. 2014. „Talning birtinga á ekki að nota sem mælikvarða á gæði vísinda og vísindamanna.“ Undirskriftalisti sendur öllum starfsmönnum Háskóla Íslands. Birtur á vef Arnars Pálssonar 7. október 2014. Sótt á <https://apalsson.blog.is/blog/apalsson/entry/1463273/?fbclid=IwAR36WsXHsFhLnflcp5YRYBnSof2feGQtAEk6ewEKo77K-tajEG1SDUTJxGo>
- Arngrímur Vídalín. 2015. „Ný bókfestukenning? Spjall um aðferðir.“ *Saga* 53 (2): 124–138.
- Arnold, Martin og Alison Finlay, ritstj. 2010. *Making History: Essays on the Fornaldarsögur*. London: Viking Society for Northern Research.
- Ármann Jakobsson. 2009a. *Ílla fenginn mjöður: Lesið í miðaldertexta*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ármann Jakobsson. 2009b. *Bókmenntir í nýju landi: Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta*. Reykjavík: Bjartur.
- Ármann Jakobsson. 2013. *Icelandic Literature of the Vikings*. Reykjavík: Veröld.
- Ármann Jakobsson. 2018. „Sögurnar hans Guðna: Um „lyðveldisútgáfu“ Íslendingasagnanna, hugmyndafræði hennar og áhrif.“ *Skírnir* 192 (1): 105–117.
- Ármann Jakobsson, Agneta Ney og Annette Lassen, ritstj. 2012. *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Árni Björnsson. 1994. *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Árni Björnsson. 1996. *Merkisdagar á mannsævinni*. Reykjavík: Mál og menning.
- Árni Björnsson. 2006. *Saga jólanna*. Ólafsfjörður: Tindur.
- Ásdís Egilsdóttir. 2016, 15 desember. „Að tengja heilahvelin.“ *Hugrás: Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt á <http://hugras.is/2016/12/ad-tengja-heilahvelin/>
- Barnes, Geraldine. 2014. *The Bookish Riddarasögur*. Odense: The University Press of Southern Denmark.
- Bergsveinn Birgisson. 2013. *Den svarte vikingen*. Oslo: Spartacus forlag.
- Bergsveinn Birgisson. 2016. *Leitin að svarta vikingnum*. Þýð. Eva Hauksdóttir og Bergsveinn Birgisson. Reykjavík: Bjartur.
- Björn Bjarnason. 1908. *Íþróttir fornmannanna á Norðurlöndum*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Bragi Halldórsson, útg. 2106. *Ævintýri frá miðöldum*. Reykjavík: Skrudda.
- Byock, Jesse. 2001. *Viking Age Iceland*. London: Penguin.
- Dagný Kristjánsdóttir. 2010. *Öldin öfgafulla: Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar*. Reykjavík: Bjartur.

- Driscoll, Matthew James, Silvia Hufnagel, Philip Lavender og Beeke Stegmann, ritstj. 2018. *The Legendary Legacy: Transmission and Reception of the Fornaldarsögur Norðurlanda*. Odense: University Press of Southern Denmark.
- Einar Már Jónsson. 2017. „Með teiknibólum og bolinmæði (og talsverðu ímyndunaraflí líka).“ *Tímarit Máls og menningar* 78 (2): 140–145.
- Gísli Sigurðsson. 2013. *Leiftur á horfinni öld: Hvað er merkelegt við íslenskar forn-bókmenntir?* Reykjavík: Mál og menning.
- Gogosz, Remigiusz. 2016. *Hver er sterkastr? Sports and Games of the Northmen in the Middle Ages: Roles, Rules and Aspects. A Study with Special Focus on Saga Age Iceland*. Öprentuð doktorsritgerð við Háskólann í Rzeszów.
- Gunnar Karlsson. 2013. *Ástarsaga Íslendinga að fornu*. Reykjavík: Mál og menning.
- Haki Antonsson. 2012. „Salvation and Early Saga Writing in Iceland: Aspects of the Works of the Þingeyrar Monks and their Associates.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 8: 71–140.
- Heimir Pálsson. 1998. *Sögur, ljóð og líf: Íslenskar bókmenntir á 20. öld*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyjar: Íslensk forn-bókmenntasaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan: Vestrennir menn og íslensk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hermann Pálsson. 2002. *Grettis saga og íslensk siðmenning*. Vatnsdal: Bókaútgáfan Hofi.
- Inga Huld Hákonardóttir. 1992. *Fjarri hlýju hjónasengur: Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Johansson, Karl G. og Else Mundal, ritstj. 2014. *Riddarasögur: The Translation of European Court Culture in Medieval Scandinavia*. Oslo: Novus forlag.
- Katrín Jakobsdóttir. 2001. *Glæpurinn sem ekki fannst: Saga og þróun íslenskra glæpasagna*. Ung fræði 4. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Svava Tómasdóttir. 2018. *Stund klámsins: Klám á Íslandi á tímum keynlífsbyltingarinnar*. Reykjavík: Sögufélag.
- Lambertus, Hendrik. 2013. *Von monströsen Helden und heldenhaften Monstern: Zur Darstellung und Funktion des Fremden in den originalen Riddarasögur*. Tübingen, Basel: A. Francke Verlag.
- Lange, Gudrun. 2000. *Europäische Bildungsideale des Mittelalters in den Fornaldarsögur*. Reykjavík.
- Lassen, Annette. 2011. *Odin på kristent pergament: En teksthistorisk studie*. København: Museum Tusulanums Forlag.
- Lassen, Annette. 2017. *Íslendingesagaernes verden*. København: Gyldendal.
- Lassen, Annette, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, ritstj. 2009. *Fornaldarsagaerne, myter og virkelighed: Studier i de oldislandske fornaldarsögur Norðurlanda*. København: Museum Tusulanums Forlag.
- Lavender, Philip. 2015. *Illuga saga Gríðarfóstra — The Saga of Illugi, Gríður's Foster-Son*. London: Viking Society for Northern Research.
- Lönnroth, Lars. 2014. „From History to Myth: The Ingvar Stones and *Yngvars saga víðfrela*.“ *Nordic Mythologies: Interpretations, Intersections, and Institutions*.
- Ritsj. Timothy R. Tangherlini. Berkeley, Los Angeles: North Pinehurst Press.
- McKinnell, John, David Ashurst og Donata Kick, ritstj. 2006. *The Fantastic in Old*

- Norse/Icelandic Literature: Preprint Papers of the 13th International Saga Conference, Durham and York 6th-12th August 2006 I-II.* Durham: Centre for Medieval and Renaissance Studies.
- Mitchell, Stephen A. 1991. *Heroic Sagas and Ballads.* Ithaca, NY: Cornell University Press.
- Morawiec, Jakub. 2010. *Vikings Among the Slavs: Jomsborg and the Jomsvikings in Old Norse Tradition.* Wien: Fassbaender.
- Ney, Agneta, Annette Lassen og Ármann Jakobsson, ritstj. 2003. *Fornaldarsagornas struktur och ideologi: Handlingar från ett symposium i Uppsala 31.8-2.9 2001.* Nordiska texter och undersökningar 28. Uppsala: Uppsala Universitet.
- Páll Skúlason. 1987. *Pælingar: Safn erinda og greina.* Reykjavík.
- Páll Skúlason. 1989. *Pælingar II: Safn erinda og greinastúfa.* Reykjavík.
- Páll Skúlason. 2015. *Pælingar III.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pétur Henry Petersen og Arnar Pálsson. 2014. „Gallað vinnumatskerfi HÍ vinnur gegn gaðum vísinda.“ *Vísir*, 29. mars. Sótt á <https://www.visir.is/g/2014703299987>.
- Sävborg, Daniel. 2007. *Sagan om kärleken: Erotik känslor och berättarkonst i norron litteratur.* Uppsala: Uppsala Universitet.
- Sigurður Nordal. 1993. „Um íslenskar fornsögur.“ *Fornar menntir* II. Kópavogur: Almenna bókafélagið.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1992. *Orð af orði: Sýnisbók íslenskra bókmennta á miðöldum.* Reykjavík: Mál og menning.
- Simek, Rudolf. 2016. *Vinland! Wie die Wikinger Amerika entdeckten.* München: Verlag C.H. Beck oHG.
- Steinunn Kristjánsdóttir. 2012. *Sagan af klaustrinu á Skriðu.* Reykjavík: Sögufélag.
- Steinunn Kristjánsdóttir. 2017. *Leiðin að klaustrunum: Klausturbald á Íslandi í fimm aldir.* Reykjavík: Sögufélag.
- Stories for All Time: The Icelandic Fornaldarsögur.* Sótt á <http://fasnl.ku.dk/bibl.aspx>
- Sverrir Tómasson. 2017. *Pipradir páfuglar: Matargerðarlist Íslendinga á miðöldum.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld: Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd.* Reykjavík: Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar.
- Vilborg Auður Ísleifsdóttir. 2013. *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga sextándu aldarinnar.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Winroth, Anders. 2011. *The Conversion of Scandinavia: Vikings, Merchants, and Missionaries in the Remaking of Northern Europe.* New Haven: Yale University Press.
- Porgeir Tryggvason. 2016. „Söngur svarðreipslagarans.“ *Starafugl*, 17. nóvember. Sótt á <https://starafugl.is/2016/songur-svardreipslagarans/>